

Nd.

#### **440. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um vígslubiskupa (þskj. 370).

Frá Jóni Jónssyni þm. N. M.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Auk biskups landsins skal hér á landi vera einn vígslubiskup.

Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Konungur skipar vígslubiskupinn eftir tillögum prestastéttarinnar. Skal hann hafa biskupsvígslu. Til vígslukostnaðar, er hann vígist, skulu honum greiddar 500 kr. úr landssjóði.

Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Vígslubiskupinn vígir biskup landsins, er svo stendur á, að fráfarandi biskup getur eigi gert það. Í forföllum biskups vígir hann presta.

Fyrir biskupsverk er hann vinnur í forföllum biskups greiðist honum úr landsjóði borgun eftir reikningi.

Í stað »vígslubiskupa« í fyrirsögn frumvarpsins komi: vígslubiskup.